

Fundur stýrihóps á Hvanneyri, 29. september 2017

Fundarmenn:

- Auður Jónsdóttir (Yn) Reykjavíkurborg – Ræktunarstöðin
- Guðmunur Vernharðsson (Yn) Félag garðplöntuframleiðenda – Mörk
- Helga Ragna Pálsdóttir (Yn) Fél. garðplöntufr. – Kjarr – Samband garðyrkjubænda
- Hlíf Böðvarsdóttir Lbhí, Yndisgróður
- Ólafur Sturla Njálsson (Yn) Félag garðplöntuframleiðenda - Nátthagi
- Samson Bjarnar Harðarson (Yn) Lbhí, Yndisgróður
- Steinunn Garðarsdóttir Lbhí, Yndisgróður
- Þorsteinn Magni Björnsson (Yn) Reykjavíkurborg

Farið yfir starfseminu í sumar, markmið og framtíð Yndisgróðurs (sjá ppt. kynningu).

Rætt var um það mikla starf sem hefur verið á Hvanneyri í sumar og áherslubreytingarnar sem verða þar. Aukin notkun trjáa með tilkomu nýrra beða og trjásafns sem er í undirbúningi. Í samstarfi við skógræktina er stefnt að koma upp trjásafni með bæði skógar- og garðplöntum. Slíkt safn mun verða mikilvægt sem fræ og klónasafn og ekki síður til kennslu.

Áherslur í 3 hluta Yndisgróðurs eru lítil tré og fjölæringar og hafa árið 2017 verið gróðursett tvö ný tilraunar beð með fjölæringum, annað í hálf-skugga og hitt í sól. Notkun fjölæringa mun svo aukast á komandi árum.

Spurningar vöknudum um gagnasöfnun og geymslu gagna (Auður). Hvort og hvernig við héldum utanum upplýsingar um þær plöntur sem gróðursettar eru og hvernig aðgengi að þeim upplýsingum væri háttáð fyrir næsta mann sem tæki við starfinu. Við reynum að skrá hjá okkur allar upplýsingar jafn óðum, þó stundum vanti uppá, og setja það inn í gagnagrunnin. Gagnasafnið okkar er þó mjög úrelt og þarfnast endurbóta. Í nýju kerfi viljum við geta staðsett (hnitsett) söfnin okkar og gæti það hugsanlega verið tengt arcgis, líkt og kortavefsjá Lbhí: <http://lbhi.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=227b358de2ec4738b9d51c8e86457c0d>

Sem og á síðasta fundi komu hugmyndir að því hvernig Yndisgróður gæti verið sýnilegri. T.d að búa til auglýsingabækling fyrir Landslagsarkitekta og garðplöntusölur, sérmerkingar á Úrvalsplöntur með YG logo, eins og E-plöntur eru merktar erlendis. Þorsteinn kom með góða hugmynd um að útbúa bókamerki.

Útskrift Yndisgarða

Árið 2018 -19 munu garðarnir í Sandgerði, Blönduósi, rósagarðurinn og Kópavogur útskrifast og spurningar vöknudum um hvernig við ættum að standa að því. Samstarf okkar við Kópavogsbæ hefur verið gott og farsælt. Garðurinn á Blönduósi er mjög vel heppnaður og rætt var um hvernig skuli útskrifa hann. Almenn var rætt um það hvort hagstætt sé að reyna að halda samstarfi áfram með nýjum samningum.

Í Sandgerði var hugmyndin af „Best off“ beði, með þeim plöntum sem hafa staðið sig best í garðinum. BO-beðið yrði þá staðsett inn í bænum þar sem það er sýnilegt (jafnvel í Grindavík, Sandgerði og Reykjanesbæ). Þörf er á frekari samræðum við sveitarfélagið (og jafnvel hin sveitafélögin á Reykjanesi) um framhaldið. Guðmundur (Mummi) og Ólafur (Óli) eru tilbúnir að styrkja BO-beðið með plöntum.

Spurning var um hvort við viljum útskrifa garðinn í Sandgerði með þessum BO-beðum eða ræða áframhaldandi samstarf (jafnvel einnig við hin sveitafélögin á svæðinu) með því að bæta við plöntum í garðinn sem við teljum geti þolað „extreme“ aðstæður og jafnvel útfæra garðinn, gera fleiri beð eða bæjarskjólbelti á örðum stöðum.

Á Blönduósi kom sú hugmynd (Mummi) að bjóða upp á ókeypis garðaráðgjöf, þá komu upp spurningar um hver væri markhópur okkar, eru það einstaklingar eða sveitarfélög?

Fundur/ afmælisferð YG norður (Hvanneyri – Blönduós – Akureyri) var dagsettur 12-14 sept. 2018, allir sammála.

Athuga með styrk frá félagi garðyrkjubænda til að fá gestafyrirlesara á afmælishátíð á næsta ári.

Hlíf Böðvarsdóttir, okt. 2017